




Veggteppið „Stúlka með fugl“, sem frú Ásgerður fékk verðlaunin fyrir á listiðnaðarsýningunni í Þýskalandi.

Íslensk kona hlýtur gullverðlaun fyrir handvefnað

Frú Ásgerður Ester Búadóttir hlaut verðlaun á listsýningu í Muenchen.

ÍSLENDINGAR tóku þátt í handiðnaðarsýningunni í München í Þýskalandi, sem stóð yfir frá 27. apríl til 10. maí sl. og annaðist félagið „Íslensk listið“ þátttöku Íslendinga í sýningunni. Þetta er í annað sinn, sem Íslendingar taka þátt í sýningu þessari. Í þetta skipti gerðist sá ánægjulegi atburður, að einn sýnandinn, frá Ásgerður Ester Búadóttir, hlaut gullpening að verðlaunum fyrir fagurt og listrænt, handfíð teppi, sem hún átti á sýningunni.

Að þessu sinni tóku nál. 30 lönd utan Þýskalands þátt í listiðnaðarsýningunni. Sýningar-gestir nú voru nokkuð yfir 250 þús. manns.

Á sl. ári voru ísl. þátttakendur í sýningunni alls 7. Nú voru ísl. þátttakendur alls 20.

Sýnendur og iðnaður þeirra var sem hér segir:

Silfur- og gullsmíði: Frú Ásdís Thoroddsen, Steinþór & Jóhannes, Árni B. Björnsson



Frú Ásgerður E. Búadóttir, stundaði nám í Handiða- og myndlistarskólanum og Listaháskólanum í Khöfn. Hún er gift Birni Th. Björnssyni listfræðingi.

(smíðisgripir eftir Guðm. heit. Guðnason), Óskar Gíslason, Skartgripaverzlun Jóns Sigmundssonar (smíðisgripir eftir Jóhannes Jóhannesson), Gunnar Bernharð, Kjartan Ásmundsson, enn fremur nokkrir smíðisgripir eftir Baldvin heitinn Björnsson og Torfhildi Dalhoff.

Smelltt vinna: Frú Sigrún Gunnlaugsdóttir, Skartgripav. Jóns Sigmundssonar (gripir unnir af Jóh. Jóhannessyni).

Myndvefnaður: Frú Ásgerður Ester Búadóttir, frú Vigdís Kristjánsdóttir.

Batik-vinna: Frú Sigrún Jóns dóttir.

Húsgagnasmíði: Alm. húsgagnavinnustofan (skv. teikningu Sveins Kjarval húsgagnarkitekts. Teikning í messingplötu eftir frú Barböru Árnason).

Handunnar ullarvoðir: Júlíana Sveinsdóttir listmálari, Guðrún Jónasdóttir.

Prjónles: Frá „Ísl. heimilis-iðnaði“.

Ásaumur: Frú Barbara Árnason (veggjald og „skermur“).

Trémynd: Jón Benediktsson.

Þjóðminiasafnið: Nokkrir gamlir smíðisgripir úr silfri o. fl.

Á sýningunni voru einnig nokkrar stórar ljósmyndir frá (Erh. á 7. síðu.)

Framboðslisti Framsóknarmanna í N.-Múlasýslu.

LAGÐUR hefur verið framframboðslisti Framsóknarflokksins í Norður-Múlasýslu, og er hann þannig skipaður: Páll Zóp hóniasson alþingismaður, Halldór Ásgrímsson alþingismaður, Tómas Árnason stjórnarráðsfulltrúi og Stefán Sigurðsson bóndi á Ártúnum.

Alþýðuflokkurinn býður ekki fram í kjördæminu, en styður framboð Framsóknarflokksins.

Vinna lögð niður í Keflavík fyrst um sinn.

WASHINGTON, fimrud. FRESTAÐ verður um sinn að fullgera bandarísku flugstöðina í Keflavík, Íslandi, þar eð óvist er, hvað íslenska ríkisstjórnin ákveður að gera í sambandi við amerísku hermennina á staðnum, að því er varnarmálaráðuneytið hér upplýsir.

Alþingi Íslendinga samþykkti nýlega ályktun, þar sem heimtað er, að allir hermenn NATO fari burt úr landinu.

Þeir vinnusamningar, sem þegar hafa verið gerðir, verða uppfylltir, en nýir samningar verða ekki gerðir og vinna verður lögð niður fyrst um sinn, var sagt í ráðuneytinu.

Stöðugar umræður Mollet og Rússa í gær.

MOSKVA, fimmtudag. FRANSKI forsætisráðherrann, Guy Mollet, og utanríkisráðherrann, Christian Pineau, sátu á fundum með leiðtogum Sovétríkjanna svo til allan dag inn í dag. Eina truflunin var móttaka hjá Voroshilov forseta fyrir hádegi. Af hálfu Sovétríkjanna tóku þátt í umræðunum þir Bulganin, Krústjov og Molotov. Síðasti fundurinn fjallaði aðallega um hjálp til landa, sem skammt eru á veg komin í efnahagslegu tilliti, en einnig var rætt um vandamálin í Austurlöndum nær og fjær, segir í tilkynningu, sem send var út í Moskvuúthvarpinu síðari hluta dagsins í dag.

Veðrið í dag

V gola, skýjað með köflum.

Ungur listmálari opnar málverkasýningu, 70 myndir

Hafsteinn Austmann -- og er þetta fyrsta sjálfstæða sýning hans.

UNGUR LISTMÁLARI, Hafsteinn Austmann, opnar í kvöld sýningu með sjötíu myndum í Listamannaskálanum í Rvík. Þetta er fyrsta sjálfstæða sýningin, sem hann heldur.

Málverkin eru „nonfigurativ“ nema nokkur þau elztu. Er hér um olíumyndir að ræða, guache myndir, vatnslitamyndir og einnig nokkrar lágmyndir úr tré.

SÝNDI Í PARÍS

Hafsteinn Austmann byrjaði að nema málaraalist hjá Þorvaldi Skúlasyni listmálara 1951. Síðan var hann í Handiðaskólanum 1952—1954, en eftir það eitt ár við nám í París. Sýndi hann þar myndir á Salon de Realite Nouvelle. Eftir að hann kom heim hefur hann m. a. máladoð leiktjöld fyrir sjónleikinn „Systir María“. Og einnig átti hann myndir á sýningu Félags íslenskra myndlistarmanna 1955.

OPNUÐ FYRIR ALMENNING

Sýningin verður opnuð fyrir gesti í kvöld kl. 8.30, en fyrir almenning á morgun kl. 1. Verður hún opin næstu 10 daga eða svo frá kl. 1—11 e. h. dag hvern.

Alþýðublaðið

Föstudagur 18. maí 1956.

Hálfrar aldar afmæli Íslands-glímunnar og Grettisbeltisins

Fyrrverandi glímukóngur Íslands boðið á Íslandsglímuna í kvöld.

ÍSLANDSGLÍMAN OG GRETTISBELTIÐ er hálfrar aldar á þessu ári. Var glíman háð í fyrsta sinn á Akureyri 1906 og þá keppt um Grettisbeltið, er var búið til sérstaklega í því skyni. Það var Glímufélagið Grettir, sem fyrir keppninni stóð. Afmælisins verður minnst í kvöld um leið og Íslandsglíman verður háð að Hálogalandi.

Ungmennafélag Reykjavíkur um, en hélt því í níu ár alls, sér um Íslandsglímuna að þessu sökkum þess að ekki var glimt sinni, og eru í mótsnefnd: Lárus Salómonsson, Bragi Guðnason og Erlendur Björnsson. tvisvar, Hermann Jónasson Ræddu blaðamenn við Lárus í einu sinni, Sigurður Greipsson

Framhald á 7. síðu.

GRETTISBELTIÐ

Gripur sá, sem um hefur verið keppt í Íslandsglímuni í fimmtíu ár, er nefnt Grettisbelti eftir félaginu, er stofnaði til keppinnar í fyrstu. Það er leðurbelti með silfurspennum og á þær greipt með höfðaletri: „Glímuverðlaun Íslands Grettir.“ Vann það fyrstur Ólafur Valdimarsson, er síðar varð þekktur undir nafninu Ólafur V. Davíðsson. Silfurskildi með nafni handhafans er bætt á beltid á ári hverju.

HANDHAFAR Í HÁLFA ÖLD

Handhafar beltisins í hálfa öld hafa verið 18 talsins. Þeir eru: Ólafur V. Davíðsson, er vann beltid einu sinni. Jóhannes Jósefsson tvisvar, Guðmundur Stefánsson einu sinni, Sigurjón Pétursson fjórum sinn-



Ármann J. Lárusson, núverandi handhafi Grettisbeltisins.

Óttinn heltekur þá:

Bjarni Ben. hótar kommúnistasamvinnu á Austfjörðum

ÞAÐ HEFUR nú frétt af fundum íhaldsins á Austurlandi, að Bjarni Benediktsson hafi þar talað í 1½—2 klst. án þess að minnst einu styggðaryrði í garð kommúnista og þótti flestum Bleik brugðið og jafnvel látið í það skína, að samvinna við þá væri alls ekki útilökuð.

Þessum boðskap var þannig tekið af Austfirðingum, að kommúnistar og íhaldsmenn skiptust á um að klappa hvorir öðrum lof í löfa. Á Seyðisfirði misstu íhaldsmennirnir fund sinn svo algjörlega, að enginn heimamanna tók til máls. Bjarni Benediktsson gerði ýmist að svívirða einstaka Framsóknarmenn um leið og hann harnaði mjög að geta ekki átt lengri samvinnu við þá.

Þegar Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn boðuðu svo til almenns fundar á Seyðisfirði á laugardaginn var, þá flúði íhaldsframþjóðandinn, Lárus Jóhannesson, sem snarast suður til Reykjavíkur, og þótti mönnum þessi viðbrögð hans góður fyrirboði um úrslit kosninganna þar eystra.